

6. gr.

Stjórn nemendafélags Kvennaskólans, Keðjunnar, tilnefni árlega 3 nemendur í plötunefnd, og skal ein þeirra stunda tónlistarnám. Plötunefnd setur Hildarsafni útlánsreglur, skrásetur það, sér um rekstur þess og heldur skrá yfir útlán, innheimtur og afföll. Hún annast og innkaup til safnsins í samráði við tónlistarkennara skólans. Við val á hljómplötum skal leggja áherslu á sígilda tónlist, en einnig annað vandað efni, t. d. leikrit eða upplestur og vandaða tónlist í þjóðlagastíl.

7. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 21. maí 1975.

F. h. nemenda útskrifaðra frá Kvennaskólanum í Reykjavík 1965.

Soffía Ákadóttir.

Þorbjörg Kristvinsdóttir.

23. maí 1975.

Nr. 251.

AUGLÝSING

um breytingu á verði lyfja samkvæmt Lyfjaverðskrá I frá 10. júlí 1973.

Frá og með 26. maí 1975 tekur gildi breyting á verði lyfja samkvæmt Lyfjaverðskrá I frá 10. júlí 1973.

Samkvæmt því skal leggja 26,8% á verð samkvæmt verðskránni og fellur þá jafnframt niður 23,7% álag, sem heimilað var með auglýsingu ráðuneytis dags. 28. febrúar 1975.

Heildsöluálagning á lyfjaefni verður 14,8% og smásöluálagning 85,5% frá sama tíma. Vinnugjöld verða óbreytt.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 23. maí 1975.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Almar Grimsson.

23. maí 1975.

Nr. 252.

AUGLÝSING

um breytingu á verði lyfja samkvæmt Lyfjaverðskrá II, frá 1. febrúar 1975.

Frá og með 26. maí 1975 tekur gildi breyting á Lyfjaverðskrá II frá 1. febrúar 1975. Samkvæmt því hækka útsöluverð lyfja eins og það er greint í skránni um 22,4%. Jafnframt fellur niður 15,5% álag, sem tók gildi 1. mars 1975. Afhendingargjald verður óbreytt.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 23. maí 1975.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Almar Grimsson.